



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 24/2021

Auglýsing Múrbúðarinnar ehf.

I.

Erindið

Með bréfi Húsasmiðjunnar hf., dags. 25. febrúar 2021, barst Neytendastofu kvörtun vegna auglýsingar Múrbúðarinnar ehf. Í upphafi bréfsins er tekið fram að með bréfinu sé lögð fram kvörtun vegna auglýsingar sem fram komi á fésbókarsíðu Múrbúðarinnar þar sem verð á Colorex Vagans 7 málningu Múrbúðarinnar er borið saman við verð á Lady Vegg 10 málningu Húsasmiðjunnar á Íslandi og í Danmörku.

Texti fésbókarfærslunnar í heild sinni og myndmál fylgdi með kvörtun Húsasmiðjunnar. Texti færslunnar er eftirfarandi:

„40% lægra verð en í Danmörku eða 36% hærra verð – Pitt er valið!

Í Danmörku getur þú keypt 9L dós af Colorex Vagans 7 á 659 DKK (14.193 IKR) eða þú getur keypt 9L af Lady Vegg 10 málningu á 599 (12.901 IKR).

Þessar tvær gerðir af málningu er þannig á svipuðu verði hjá frændum okkar Dönnum.

Hér á Íslandi kostar 9L dós af Colorex Vagans 7 aðeins 8.495 kr, sem er 40% lægra verð en í Danmörku.

9L dolla af Lady Vegg 10 kostar 17.596 (með 20% „afslætti“), sem er 36% hærra verð en í Danmörku.

Ef þú ert að fara mála þá færð þú tvær 9L dósir af Colorex Vagans 7 og borgar minna fyrir þær, en eina dollu af Lady Vegg 10!

Lady Vegg 10 er meira en 100% dýrari á Íslandi en Colorex Vagans 7 málning, en í Danmörku kosta þessar tvær gerðir af málningu það sama. Finnst þér það í lagi?

Hátt verð á Íslandi þýðir ekki alltaf meiri gæði!

Colorex Vagan 7 er frábær Akryl innimálning!

Colorex Vagans 7 byggir á nýjustu tækni í málningu. Akryllinn er af styrene gerð sem gefur málningunni einstaka eiginleika:

- Málningin verður „harðari“ þegar hún þornar, þannig að hún rispast síður og hún þolir þrif mun betur.



- Bindur litarefni betur sem er mikilvægt í málningu sem mikið er af litarefnum í t.d. dökkir mattir litir.
- Auðveldara er að mála með málningunni því styrene binst betur við hjálparefni sem notuð eru til að bæta vinnslu eiginleika málningarinnar.

Colorex Vagans 7 þekur einstaklega vel, er silkimött og skilar fallegri áferð. Hún ýrist ekki og er bæði slitsterk og þvottheld.

Þú málar meira fyrir minna með sænsku Colorex málningunni!

Skóðu Colorex Vagans 7 málninguna hér: <https://murbudin.is/vorumerking/colorex-innimalning/>

P.S. Eignum einnig forblandaða Colorex málarahvíta málningu 10L kostar aðeins 8.495!

P.P.S. Málningarverkfærin færðu líka á Múrbúðarverði hjá Múrbúðinni.

Múrbúðin, gott verð fyrir alla – Alltaf!

Smáa letrið:

Verðútreikningur m.v. gengi DKK 16.2.2021, www.gengi.is

Verð á Colorex Vagans 7 í Danmörku: <https://www.linolie123.dk/.../vaegmaling-colorex-home...>

Verð á Lady Vegg 10 í Danmörku: <https://www.pricerunner.dk/.../Jotun-Lady-10-Vaegmaling...>“

Í bréfinu segir að auglýsingin hafi birst sjö dögum eftir að Neytendastofa tók ákvörðun í máli nr. 2/2021 og að ljóst sé að Múrbúðin sé að storka þeirri ákvörðun með birtingunni. Þá telur Húsasmiðjan að Múrbúðin geri lítið úr þeim aðilum sem gera athugasemdir við auglýsinguna með færslum við auglýsinguna og afskræmi í raun þá umræðu sem komi frá einstaklingum sem geri athugasemdir við réttmæti hennar og þann ranga samanburð sem þar er settur fram.

Eina breytingin á þessari auglýsingu og þeirri sem Neytendastofa bannaði sé að ekki sé sett jafn mikið út á gæði Lady 10 en reynt sé að setja auglýsinguna fram með þeim hætti að gert sé lítið úr gæðum Lady 10, m.a. með því að fullyrða að hún sé mun dýrari en gæðin ekki í samræmi við það.

Að mati Húsasmiðjunnar brýtur auglýsing Múrbúðarinnar og þær fullyrðingar sem þar komi fram gegn lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá segir að framsetning auglýsinganna brjóti í bága við 4. mgr. 6. gr. laganna, enda séu ekki færðar sönnur á þær fullyrðingar sem þar séu settar fram, ásamt því að brjóta gegn 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. laganna. Einnig telur Húsasmiðjan að framsetningin brjóti gegn 15. gr. laganna sem taki til samanburðarauglýsinga. Um sé að ræða villandi viðskiptahætti sem líklegir séu til að blekkja neytendur og með því sé verið að brjóta gegn 9. gr. laganna en um leið brotið gegn 8. gr. þar sem fram komi að viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla laganna séu alltaf óréttmætir.

Í bréfinu er tekið fram að engir fyrirvarar eða leiðbeiningar séu settar fram þess efnis að stýren akrýlmálning sem Múrbúðin auglýsi hafi aðra eiginleika en Lady 10 málning Húsasmiðjunnar,



sem málning Múrbúðarinnar er borin saman við. Framsetning Múrbúðarinnar beri með sér að neytendur geti ekki ætlað annað en að um sambærilega vöru sé að ræða og sérstaklega bent á að málning Múrbúðarinnar sé sérstaklega framleidd fyrir fyrirtækið. Lady 10 málning Húsasmiðjunnar sé aftur á móti 100% akrýlmálning sem hafi meiri gæði en sú málning sem Múrbúðin notar til samanburðar.

Húsasmiðjan telji færslur Múrbúðarinnar í athugasemdakerfi við auglýsinguna settar fram með þeim hætti að þær brjóti gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Það sé mat Húsasmiðjunnar að Neytendastofu beri að skoða þær athugasemdir sem Múrbúðin setji inn og geri m.a. lítið úr efnislegum athugasemdum frá aðilum sem skrifa inn athugasemdir sem eru í trássi við þær fullyrðingar sem Múrbúðin setji fram og ýti þannig undir ranga og villandi umræðu og ítreki með þeirri háttsemi sinni þær fullyrðingar sem Húsasmiðjan geri nú athugasemdir við. Með því að stuðla að umræðu á þennan hátt brjóti Múrbúðin gegn ákvæðum laganna og hegðun sem þessi sé ósanngjörn og ekki réttlætanleg.

Stýrenakrýl er samkvæmt bréfi Húsasmiðjunnar ódýrasta akrýlbindingefni sem notað sé við framleiðslu á málningu og að framleiðslukostnaður málningar sem notist við þannig efni sé því töluvert ódýrari en framleiðslukostnaður 100% akrýlmálningar. Að mati Húsasmiðjunnar er samanburður á Lady 10 málningu við málningu Múrbúðarinnar, án þess að geta um gæðamun og meiri framleiðslukostnað, ekki í samræmi við þau lagaákvæði sem vísað sé til.

Framsetning og háttsemi Múrbúðarinnar sé villandi og algjörlega órökstudd og með því sé verið að blekkja neytendur vísvitandi. Húsasmiðjan telur að gera verði þá kröfu til fyrirtækja, sem auglýsi með þessum hætti, að þau sanni þær fullyrðingar sem settar séu fram í auglýsingum eða kynningarefni og að fyrirtæki hegði sér með ábyrgum hætti á samfélagsmiðlum. Að mati Húsasmiðjunnar brjóti auglýsingar, fullyrðingar og framsetning Múrbúðarinnar í bága við ákvæði 6. gr., 8. gr., 9. gr., 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005.

Að endingu er þess krafist að Neytendastofa bregðist við kvörtun Húsasmiðjunnar og banni Múrbúðinni að birta auglýsingar og kynningarefni af því tagi og með þeirri framsetningu sem fyrirtækið setji fram og banni athugasemdir sem gerðar séu með þeim hætti sem gerðar hafi verið sem og að Neytendastofa beiti öðrum þeim viðurlögum sem stofnunin telji sér fært með vísun til IV. kafla laga nr. 57/2005. Í ljósi þess að mikill sölutími sé framundan á innimálningu sé þess óskað að Neytendastofa krefjist þess að Múrbúðin hætti þegar í stað að auglýsa með þessum hætti á meðan málið sé til efnismeðferðar. Að mati Húsasmiðjunnar brýtur háttsemi Múrbúðarinnar gegn ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 2/2021 og að horfa verði til þess þegar viðurlög séu ákveðin og ljóst sé að beita megi sektum vegna ítrekunaráhrifa.

Meðfylgjandi bréfi Húsasmiðjunnar var að finna skjáskot af auglýsingu á fésbókarsíðu Múrbúðarinnar ásamt skjáskotum af athugasemdakerfi við fésbókarsíðu félagsins.



II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 18. mars 2021, tilkynnti Neytendastofa Húsasmiðjunni að kröfu félagsins um að Múrbúðinni yrði bannað að birta umrædda auglýsingu meðan málið væri til meðferðar hjá stofnuninni væri hafnað. Það var álit Neytendastofu að í málinu væru ekki uppi þær aðstæður sem kölluðu á beitingu 3. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005.

2.

Erindi Húsasmiðjunnar var sent Múrbúðinni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 11. mars 2021. Svar Múrbúðarinnar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 19. mars 2021. Í upphafi bréfsins er kvörtun Húsasmiðjunnar hafnað. Neytendastofa hafi með ákvörðun nr. 2/2021 bannað Múrbúðinni birtingu ákveðinna auglýsinga á fésbókarsíðu fyrirtækisins en í þeim auglýsingum hafi verið borið saman verð á málningu með almennum hætti án þess að vísað væri til hvaða landa sá verðsamanburður tæki til. Múrbúðin telji að hluti ákvörðunar Neytendastofu hafi verið efnislega rangur en þar sem sú forsenda Neytendastofu er laut að verðsamanburði milli mismunandi landa hafi verið réttmætur hafi verið afráðið að áfrýja ekki ákvörðuninni. Neytendastofa hafi ekki tekið afstöðu til gæðamunar á málningu Múrbúðarinnar og málningar Húsasmiðjunnar enda hafi aldrei verið sýnt fram á neinn gæðamun af hálfu Húsasmiðjunnar.

Þann 19. febrúar 2021, hafi Múrbúðin birt nýja auglýsingu sem hafi tekið mið af ákvörðun Neytendastofu og forsendum úrskurðar hennar. Í auglýsingunni sé borið saman verð á Colorex 7 málningu og Lady 10 málningu í Danmörku, en ekki með almennum hætti líkt og gert hafi verið í fyrri auglýsingum.

Í bréfi Múrbúðarinnar er farið yfir verð á málningu fyrirtækisins og málningu Húsasmiðjunnar, bæði á Íslandi og í Danmörku. 9L af Colorex 7 málningu kosti DKK 659 hjá Linolie 123 í Danmörku meðan 9L af Lady 10 kosti DKK 599. Lady 10 málning kosti jafnframt DKK 599 hjá DecoFarve og DKK 600 hjá Bauhaus í Danmörku. Sú fullyrðing að Colorex 7 og Lady 10 málning kosti það sama í Danmörku sé því sönn og sönnuð.

Verð í Danmörku sé síðan borið saman við verð á Íslandi. Listaverð á Lady 10 sé kr. 21.995 meðan listaverð Colorex 7 sé kr. 8.495. Framangreint listaverð Lady 10 hafi hins vegar ekki verið notað þar sem málningin sé sjaldan eða aldrei seld á listaverði hér á landi. Auglýsingin hafi því miðað við 20% afsláttarverð Lady 10 málningar og það verð borið saman við verð á Colorex 7 málningu. Munur á verði Colorex 7 og Lady 10 sé 107% þannig að sú fullyrðing sem fram komi í auglýsingunni að á Íslandi fái neytendur tvær dósir af Colorex 7 fyrir sama verð og ein dós af Lady 10 kostar sé þannig sönn og sönnuð.



Löggjafinn heimili samanburðarauglýsingar á vörum sem fullnægi sömu þörfum eða séu ætlaðar til sömu nota. Ekki sé gerð krafa um að varan sé sömu gerðar, né að sömu hráefni séu notuð í hana. Það mætti því bera saman verð á Kók og Pepsi þó í annan drykkinn væri notaður sykur en í hinn kornsíróp því hvorugt hefði áhrif á gæði vörunnar né þörfina sem verið sé að uppfylla.

Í hinu fyrrgreinda máli sem ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2021 byggir á, hafi Húsasmiðjan ekki getað sýnt fram á neinn gæðamun á Lady 10 og Colorex 7 né hafi verið sýnt fram á að Lady 10 málning hafi einhverja aðra eiginleika fram yfir Colorex 7 sem máli skipti fyrir neytendur. Það sé ekki hægt að ætlast til þess að Múrbúðin fari að halda því fram í auglýsingum, án nokkurra gagna eða rannsókna, að gæði 100% akrýl málningar séu meiri en annarrar málningar, hvað þá að sanna að svo sé eins og farið sé fram á í kröfu Húsasmiðjunnar. Húsasmiðjan reyni að gera lítið úr málningu þar sem stýren akrýl sé notað þrátt fyrir að rannsóknir sýni hið gagnstæða, þ.e. að með því að nota stýren akrýl í innimálningu þá náist fram eiginleikar sem flestir neytendur myndu telja jákvæða, þ.e. að auðveldara sé að þrifa málninguna og hún rispist síður. Málflutningur Húsasmiðjunnar byggir á órökstuddum flökkusögum sem eigi sér ekki stoð í raunveruleikanum og kristallist í því að nú sé því haldið fram að Colorex 7 sé sérstaklega framleidd fyrir Múrbúðina. Það sé alrangt og því til stuðnings sé vísað til vefsíðunnar colorex.se.

Gefið sé í skyn að notkun stýren akrýls skýri 100% verðmun hér á landi þrátt fyrir að engin verðmunur sé í Danmörku. Á heimasíðu Húsasmiðjunnar sé að finna tegundir málningar frá Jotun (framleiðandi Lady 10 málningar), Jotaproff Prosjekt Vegg og Tak 9L sem sögð sé vera stýren akrýl málning. Sú málning kosti kr. 15.995 meðan Lady 10 kosti kr. 17.596. Stýren málning frá Jotun sé þannig aðeins 10% ódýrari en Lady 10 málning og eru báðar gerðirnar framleiddar af Jotun. Að framangreindu megi sjá að lítil verðmunur sé á málningu hjá sama framleiðanda, óháð því hvaða gerð af akrýl sé notað í hana. Verðlagning á Colorex 7 og Lady 10 í Danmörku endurspeglar það. Leiða megi því hugann að því hvort að há verðlagning á Lady 10 sé tilraun til að blekkja íslenska neytendur, þ.e. með því að vera með hátt verð og gefa svo mikla afslætti frá því verði.

Í bréfi Múrbúðarinnar er verðlagning á málningu í Noregi rakin og tekið fram að verð á Lady 10 sé nokkurn veginn það sama, einungis verðlagning á Íslandi skeri sig úr. Þá sé í bréfi fyrirtækisins rakin umræða á fésbókarsíðu Múrbúðarinnar en sú umfjöllun sé að mati Neytendastofu óviðkomandi máli því er hér liggja fyrir.

Múrbúðin birti auglýsingar þar sem sýnt sé fram á og færðar sönnur fyrir því að verð á Colorex 7 og Lady 10 málningu sé það sama í Danmörku en á Íslandi muni 100% á verði. Auglýsingarnar taki þannig á þeim vanköntum sem hafi verið á fyrri auglýsingum og Neytendastofa úrskurðaði að væru ólögmetar. Sú krafa að Múrbúðin sýni fram á gæðamun á þessum tveimur gerðum málningar sé óeðlileg þar sem slíkar rannsóknir séu ekki til. Að krefjast þess að Múrbúðin sanni eitthvað sem enginn grundvöllur sé fyrir sé eingöngu smjörklípa notuð



til að beina athyglinni frá óeðlilega miklum verðmun hér á landi á vöru sem kosti það sama í Danmörku.

Í hinu fyrra ágreiningsmáli hafi Húsasmiðjan ekki lagt fram nein gögn sem styðji fullyrðingu fyrirtækisins um að Lady 10 málning sé betri málning en Colorex 7 málning. Hins vegar hafi Múrbúðin sýnt fram á að þegar stýren akrýl hafi verið fundið upp hafi opnast ný tækifæri í þróun á málningu sem sé þvottheldin, rispist ekki og auðvelt sé að mála með. Vísað hafi verið í erlendar rannsóknir þar sem helsta niðurstaðan hafi verið að gæði málningar ráðist af öðrum þáttum en því hvaða bindiefni sé notað í hana.

Að lokum sé ljóst að löggjafinn leyfi samanburðarauglýsingar enda þær mikilvægt verkfæri til að sýna neytendum fram á að oft séu til valkostir sem kosti minna en uppfylli sömu þarfir og skili sama árangri. Ástæða þessa mikla verðmunar sé ekki bara að verð hjá Húsasmiðjunni sé næstum 40% hærra en í Danmörku heldur líka vegna þess að Múrbúin selji Colorex 7 á 40% lægra verði en hún kosti í Danmörku.

Meðfylgjandi bréfinu voru skjáskot af verði Lady 10 og Colorex 7 í Danmörku og á Íslandi.

3.

Bréf Múrbúðarinnar var sent Húsasmiðjunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. mars 2021. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 26. mars 2021. Í bréfinu segir að Húsasmiðjan telji að þær skýringar og rök sem Múrbúðin setji fram í bréfi sínu séu án fullnægjandi röksemda eða sannana. Því sé enn haldið fram að um sambærilega vöru sé að ræða, sem sé rangt. Lady 10 sé framléidd á öðrum grunni og með öðrum eignum en sú málning sem Múrbúðin selji og byggji samanburðinn á, ekki sé hægt að byggja á því hvað fólki finnist um málningu og notkun hennar. Um sé að ræða aðra vöru og samanburðurinn sé því ekki réttmætur auk þess sem slíkur samanburður sé ósanngjarn gagnvart bæði keppinautum á markaði og neytendum.

Þá sé sérstakt að setja fram auglýsingar með þeim hætti að byggt sé á verðum í öðrum ríkjum til samanburðar á markaði hérlendis. Verð séu síbreytileg bæði hérlendis og erlendis og tilvísun í netsíður á einum tímapunkti til samanburðar á verði hérlendis sé að sama skapi ekki réttmætt auk þess sem slík framsetning sé villandi fyrir neytendur. Ef talið yrði heimilt að vísa til samanburðar á verði erlendis þyrfti sá samanburður að vera vandaður og byggður á traustum heimildum sem opinberir aðilar hérlendis myndu telja ábyggilegan og traustan. Þá sé ljóst að ýmsir þættir hafi áhrif á verðmyndun hér á landi sem taka verði tillit til. Þá sé spurning af hvaða ástæðu Múrbúðin velji eina tegund málningar til samanburðar við málningu sem fyrirtækið selji, þ.e. Lady 10. Fjölmargar aðrar málningartegundir séu sambærilegar við Lady 10, t.d. Flugger Flutex Pro sem sé á svipuðu verði og Lady 10. Þá megi benda á að nú sé Bauhaus að auglýsa Lady 10 á kr. 13.995 en Múrbúðin hafi ekki breytt auglýsingum sínum eða leiðrétt þrátt fyrir það.



Húsasmiðjan vilji benda á að í bréfi Múrbúðarinnar séu rangfærslur er varði það að Jotun Vegg og Tak málning sé sögð stýren málning. Sú málning falli hins vegar undir svonefnda PVS málningu. Fleiri rangfærslur séu í bréfi Múrbúðarinnar sem ekki sé ástæða til að telja upp en ljóst sé af lestri bréfs Múrbúðarinnar, sem yfirfarið hafi verið af málarameisturum sem þekki til efnasamsetningar málningar, að starfsmenn Múrbúðarinnar virðist ekki vita hvað þeir séu að skrifa og fullyrða um.

Eftir að niðurstaða í ákvörðun nr. 2/2021 hafi legið fyrir hafi Múrbúðin breytt auglýsingum sínum lítilla og hert mjög á birtingu auglýsinganna á fésbókarsíðu fyrirtækisins. Að mati Húsasmiðjunnar sé verið að vanvirða niðurstöðu ákvörðunar nr. 2/2021 og með einhverjum hætti reynt að koma höggi á Húsasmiðjuna sem samkeppnisaðila sérstaklega þar sem skjáskot sem Múrbúðin birti í auglýsingum sínum séu frá Húsasmiðjunni. Það eitt og sér sé sérstakt og án heimildar en sýni einbeittan brotavilja Múrbúðarinnar að mati Húsasmiðjunnar.

Því miður sé það svo að samfélagsmiðlar bjóði upp á ýmsa möguleika sem geti haft veruleg áhrif á viðhorf einstaklinga. Einstaklingar og þar með neytendur séu berskjaldaðir fyrir framsetningu af því tagi sem Múrbúðin setji fram, framsetning sem ekki standist lagalega að mati Húsasmiðjunnar. Falsfréttir af ýmsu tagi sé auðvelt að setja fram á samfélagsmiðlum. Það sé á ábyrgð eftirlitsaðila að slíkar fréttir og auglýsingar séu ekki liðnar og verði stöðvaðar. Gæta þurfi sanngirni gagnvart lesendum, einstaklingum og neytendum, sem og samkeppnisaðilum hvað varði framsetningu auglýsinga á samfélagsmiðlum. Samskipti og umræður sem skapast geti af framsetningu auglýsinga af þessu tagi séu á ábyrgð þeirra sem auglýsinguna setji fram og megi slíkar auglýsingar ekki stuðla að því að afvegaleiða umræður og túlkanir almennings.

4.

Bréf Húsasmiðjunnar var sent Múrbúðinni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 29. mars 2021. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 9. apríl 2021. Í bréfinu kemur fram að Múrbúðin telji Húsasmiðjuna vera að reyna að afvegaleiða umræðuna frá kjarna málsins, sem sé mikill verðmunur á málningu hér á Íslandi samanborið við Danmörku. Það sé óumdeilt og Húsasmiðjan hafni því ekki að Colorex 7 og Lady 10 málning kosti svipað í Danmörku. Hér á landi sé hins vegar umtalsverður verðmunur á þessum tveimur gerðum af málningu. Eins sé ekki deilt um það að Lady 10 sé miklu dýrari á Íslandi en í Danmörku og reyndar Noregi líka. Málflutning Húsasmiðjunnar megi skilja sem svo að ekki megi benda á þessar staðreyndir og það sé neytendum ekki til hagsbóta sé það gert. Húsasmiðjan hafi aldrei getað sýnt fram á nokkurn gæðamun enda hljóti gæði málningar að ráðast af því hvernig hún uppfylli væntingar og gæðakröfur notenda en ekki af nákvæmri efnasamsetningu hennar.

Verðsamanburður við útlönd sé alþekktur héraendis. Neytendasamtökin og verðlagseftirlit ASÍ hafi ítrekað bent á mikinn mun á matvælavörðum héraendis sem hafi verið staðfestur af Eurostat. Sama virðist eiga við um verð á málningu og það sé því eðlilegt að neytendum sé bent á að kynna sér verðlag erlendis og sá verðsamanburður hljóti að vera gerður á ákveðnum tíma enda annað ómögulegt.



Múrbúðin hafi ítrekað þurft að reka til baka rangar fullyrðingar Húsasmiðjunnar um stýren akrýl og gæði málningar almennt. Múrbúðin sé sammála Húsasmiðjunni að umtalsverður gæðamunur sé á akrýl málningu og PVA málningu. Upplýsingar um að Jotun Vegg og Tak sé stýren akrýl málning hafi verið fengnar af vefsíðu Húsasmiðjunnar og því sé rangt að Múrbúðin hafi farið fram með rangfærslur í fyrra bréfi sínu. Sýni það í raun enn betur að lítill verðmunur sé á málningu, hver sem innihaldsefni hennar kunni að vera því PVA málning sé yfirleitt töluvert ódýrari en akrýl málning.

Löggjafinn heimili samanburðarauglýsingar og helsta krafan sé að varan uppfylli sömu þörfina eða sé ætluð til sömu nota. Hvergi í lögum sé bannað að bera saman verð erlendis og á Íslandi enda sé það reglulega gert. Verðlagseftirlit ASÍ og Neytendasamtökin noti þá leið oft til að þrýsta á lægra vöruverð hérlendis.

Neytendastofa hafi verið skýr í ákvörðun nr. 2/2021 þar sem ekki hafi þótt við hæfi að bera saman verð í einu landi erlendis með almennum hætti heldur þyrfti að vísa til hvaða landa verðsamanburður tæki til. Nýjar auglýsingar Múrbúðarinnar taki mið af því. Verð á málningu í Danmörku sé borið saman við verð á málningu á Íslandi og tengla sé að finna á þær síður sem verðsamanburðurinn byggir á, bæði hérlendis sem og í Danmörku. Neytendur geti þannig sjálfir lesið sér til um forsendur sem liggja að baki samanburðinum. Þetta sé einn af kostum samfélagsmiðla þar sem hægt sé að koma skilaboðum til neytenda og þeir geti síðan sjálfir staðfest hvort þær upplýsingar séu réttar eður ei. Fyrirtæki geti ekki lengur haldið fram flökkusögum um gæði og verð því neytendur geti auðveldlega sannreynt þær.

Meginþungi í kröfugerð Húsasmiðjunnar sé að það sé gæðamunur á þessum tveimur gerðum málningar sem um ræðir. Húsasmiðjan hafi samt sem áður ekki lagt fram nein gögn sem styðji það. Þá hafi Húsasmiðjan heldur ekki reynt að útskýra verðmun á Lady 10 málningu hérlendis samanborið við bæði Danmörku og Noreg. Múrbúðin telji að auglýsingar sínar um verðmun hérlendis og í Danmörku uppfylli kröfur laga nr. 57/2005 og að eðlilegt sé og heimilt að benda neytendum á mikinn verðmun hérlendis og í Danmörku.

Meðfylgjandi bréfinu var að finna skjáskot af Jotun Vegg og Tak málningu af vefsíðu Húsasmiðjunnar.

5.

Bréf Múrbúðarinnar var sent Húsasmiðjunni til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. apríl 2021. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 15. júlí 2021, var aðilum málsins tilkynnt um fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins vegna fjölda fyrirbyggjandi mála hjá stofnuninni.



III. Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að kvörtun Húsasmiðjunnar vegna auglýsingar Múrbúðarinnar á málningu og verðsamanburði sem gerður er á vörum fyrirtækjanna. Að mati Húsasmiðjunnar brýtur auglýsing Múrbúðarinnar og þær fullyrðingar sem þar koma fram gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 9. gr., 14. gr. og 15. gr., sbr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Auglýsingin feli þar með í sér villandi viðskiptahætti sem séu líklegir til að blekkja neytendur og því sé um ólögmætar samanburðarauglýsingar að ræða. Að mati Húsasmiðjunnar er samanburður á Lady 10 málningu við málningu Múrbúðarinnar, án þess að geta um gæðamun og meiri framleiðslukostnað, ekki í samræmi við þau lagaákvæði sem vísað er til. Þá telur Húsasmiðjan að færslur Múrbúðarinnar við auglýsinguna á fésbókarsíðu Múrbúðarinnar afskræmi umræðu sem þar komi fram frá einstaklingum sem geri athugasemdir við réttmæti hennar og þann ranga samanburð sem þar er settur fram sem feli jafnframt í sér brot gegn ofangreindum lagaákvæðum. Enn fremur telur Húsasmiðjan að auglýsingin brjóti gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2021

Múrbúðin hafnar kvörtun Húsasmiðjunnar og telur auglýsingu fyrirtækisins uppfylla öll skilyrði laga nr. 57/2005 er kveða á um sönnun fyrir fullyrðingum sem fram koma í auglýsingum. Í auglýsingunni sé borið saman verð á Colorex 7 málningu og Lady 10 málningu í Danmörku og á Íslandi, en ekki með almennum hætti líkt og gert hafi verið í fyrri auglýsingu. Löggjafinn heimili samanburðarauglýsingar á vörum sem fullnægja sömu þörfum eða ætlaðar eru til sömu nota. Múrbúðin birti auglýsingar þar sem sýnt sé fram á og færðar sönnur fyrir að verð á Colorex 7 og Lady 10 málningu sé það sama í Danmörku en á Íslandi muni 100% á verði. Auglýsingin taki þannig á þeim vanköntum sem voru á fyrri auglýsingum og Neytendastofa úrskurðaði að væru ólögmætar. Húsasmiðjan hafi að sama skapi aldrei getað sýnt fram á nokkurn gæðamun enda hljóti gæði málningar að ráðast af því hvernig hún uppfylli væntingar og gæðakröfur notenda en ekki af nákvæmri efnasamsetningu hennar og hafnar Múrbúðin því fullyrðingum Húsasmiðjunnar um gæðamun á framangreindum tegundum málningar. Þá sé verðsamanburður við útlönd alþekktur og ekki ólögmætur hér á landi.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. segir:



„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í d. lið greinarinnar segir að ekki mega veita rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinautum auglýsinga eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Í 15. gr. laganna er fjallað um að samanburðarauglýsingar séu allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skilgreint rúmt svo allar tegundir samanburðar heyra þar undir. Í umfjöllun um ákvæðið segir t.d. að allar auglýsingar þar sem auglýsandi fullyrðir að vara hans



eða þjónusta sé best, ódýrust, sterkust o.s.frv. feli í sér óbeinan samanburð og falli því undir ákvæði laganna. Samanburðarauglýsingar eru leyfðar að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í a.-h. liðum 2. mgr. 15. gr. Neytendastofa telur að ákvæði a. b. og c. liða komi til skoðunar í málinu. Samkvæmt framangreindum ákvæðum eru samanburðarauglýsingar leyfðar að uppfylltum þeim skilyrðum að þær séu ekki villandi, samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota og að gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill.

3.

Í auglýsingu Múrbúðarinnar er verð málningar Múrbúðarinnar borið saman við verð málningar Húsasmiðjunnar bæði hér á landi og í Danmörku. Um beinan verðsamanburð er að ræða og þar með samanburðarauglýsingu í skilningi 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005. Líkt og að ofan greinir eru samanburðarauglýsingar leyfðar að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í a.-h. liðum 2. mgr. 15. gr.

Samkvæmt a. og c. lið 2. mgr. 15. gr. má samanburður ekki vera villandi og samanburður verður að vera gerður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill. Þegar horft er til þess hvort samanburður sé villandi þarf að meta það í hverju tilviki fyrir sig, meðal annars með hliðsjón af öðrum ákvæðum laganna. Þannig er t.a.m. kveðið á um það í d. lið 1. mgr. 9. gr. að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru gefnar upp rangar upplýsingar um verð. Þegar verðs er getið í samanburðarauglýsingum verður því að gera kröfu til þess að neytendum séu gefin rétt verð og gefnar upplýsingar um það ef tilteknir þættir eru líklegir til að hafa áhrif á verðið. Í auglýsingu Múrbúðarinnar er verð á málningu fyrirtækjanna í Danmörku tilgreint og tilgreindur verðmunar þar á milli. Þá er verð á Íslandi og verðmunur einnig tilgreint. Í auglýsingunni kemur fram við hvaða upplýsingar sé stuðst og hvar neytendur geti nálgast upplýsingar um vörunar. Í auglýsingunni kemur einnig fram hvaða gengi íslensku krónunnar og dönsku krónunnar sé miðað við. Það er álit Neytendastofu að ofangreindur samanburður sé ekki villandi eða óréttmætur enda skýrt tekið fram í auglýsingunni að borið sé saman verð í Danmörku annars vegar og á Íslandi hins vegar. Þá verður ekki séð að samanburður á verði milli landa sé villandi eða óréttmætur enda skýrt tekið fram um hvaða lönd er að ræða. Enn fremur bera gögn málsins með sér að málning beggja fyrirtækja er fánleg bæði í Danmörku og á Íslandi og því möguleiki á að bera verð varanna saman með eðlilegum hætti. Í samanburðarauglýsingunni er með einföldum hætti borið saman verð málningar fyrirtækjanna og fær Neytendastofa ekki séð að samanburðurinn sé settur fram með ósanngjörnum hætti eða að hallað sé á Húsasmiðjuna vegna forms eða framsetningar auglýsingarinnar. Enn fremur er það álit Neytendastofu að færslur Múrbúðarinnar, eða annarra, við auglýsingu á fésbókarsíðu fyrirtækisins feli ekki í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 enda um almennar athugasemdir að ræða þar sem ekki er óeðlilega hallað á Húsasmiðjuna.



Samkvæmt b. lið 2. mgr. 15. gr. skal samanburður taka til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota. Í máli því er hér liggur fyrir er ljóst að um tvær tegundir innimálningar er að ræða og eru þær því ætlaðar til sömu nota. Önnur inniheldur stýren en hin ekki. Engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á óeðlilega mikinn gæðamun á þessum tegundum málningar eða að önnur tegundin sé dýrari í framleiðslu. Óháð efnasamsetningu þeirra tegunda málningar sem um ræðir telur Neytendastofa að um sambærilega vörur sé að ræða. Telur Neytendastofa að vörurnar fullnægi sömu þörfum og séu staðgönguvörur við hvor aðra. Þá er samkvæmt upplýsingum af vefsíðunni colorex.se, Colorex 7 málningartegund og vörumerki sem er framleitt af og í eigu Hagmans Nordic AB. Á sömu vefsíðu kemur einnig fram að Colorex málning hafi verið framleidd frá árinu 1955 og sé sérstaklega hönnuð fyrir norrænt veðurfar. Sú fullyrðing Húsasmiðjunnar að Colorex 7 málning sé sérstaklega framleidd fyrir Múrbúðina á sér því ekki stoð í gögnum málsins enda hægt að versla hana í gegnum vefsíður fyrirtækja sem staðsett eru í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Í ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2021 var verð á málningu Múrbúðarinnar og Húsasmiðjunnar hér á landi borið saman við verð annars vegar í Danmörku í tilfelli málningar Múrbúðarinnar og hins vegar í ótilgreindum „útlöndum“ í tilfelli Húsasmiðjunnar, þ.e. sömu lönd voru ekki notuð til samanburðar sem talið var villandi og óréttmætir viðskiptahættir. Í máli því er hér liggur fyrir er verð á málningu milli sömu landa borið saman. Forsendur framangreindrar ákvörðunar voru því aðrar og er það álit Neytendastofu að auglýsing Múrbúðarinnar brjóti ekki gegn þeirri ákvörðun.

Með vísan til alls framangreinds telur Neytendastofa að samanburðarauglýsing Múrbúðarinnar uppfylli skilyrði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005. Þá er það álit stofnunarinnar að auglýsing Múrbúðarinnar feli ekki í sér villandi eða óréttmæta viðskiptahætti og að framlögð gögn gefi ekki tilefni til töku íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar í formi banns við birtingu auglýsingarinnar.

Er það því mat Neytendastofu að ekki sé tilefni til aðgerða af hálfu stofnunarinnar í máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 3. september 2021

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir